

## Frágangur reikninga til bókungar og greiðslu

### Reikningur er því aðeins hæfur til greiðslu að hann uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- 1) Nafn, kennitala og heimilisfang kröfuhafa (seljanda) skal vera á reikningi.
- 2) Reikningar eiga að vera fyrirfram tölusettir.
- 3) Einungis er greitt út eftir frumriti reikninga.
  - a) Ef frumrit er glatað og greiða á eftir afriti, þarf að koma skýrt fram á afritinu að frumritið sé glatað og óskað eftir að greitt verði skv. afritinu.
  - b) Reikningur sendur í tölvupósti er ekki gildur sem afrit nema hann sé sendur á PDF formi.
- 4) Á reikningi á að koma fram lýsing á því sem keypt er.
- 5) Á reikningi á að koma fram verð þeirra hluta og þjónustu sem keypt er magn, einingaverð og heildarverð.
- 6) Allur reikningurinn verður að vera á greiðandann.
- 7) Reikningar verða að vera tölulega réttir.
- 8) Koma þarf fram hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð eða ekki.
- 9) Reikningar þurfa að vera með forprentuðum haus útgefenda, þ.e.a.s. nafni, kennitölu, heimilisfangi, reikningsnúmeri og virðisaukaskattsnúmeri ef virðisaukaskattur er reiknaður af fjárhæð reiknings.
- 10) Ef um risnureikning er að ræða þarf að koma fram á reikningi eða fylgiskjali með honum, tilefni risnunar og hverjir njóta, sbr. reglur Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytisins.
- 11) Á reikningum vegna gjafa skal koma fram hver fékk gjöfina og tilefni.

### Þegar reikningur fullnægir öllum skilyrðum til afgreiðslu á að stimpla hann með greiðslustimpli. Um notkun greiðslustimpils og frágang reikninga gilda eftirfarandi reglur:

- 1) Alla reikninga skal stimpla með greiðslustimpli.
- 2) Greiðslustimpillinn á að vera skýr og allar tölur verða að vera skýrar og læsilegar.
- 3) Útfylling stimpilsins á að vera tæmandi.
- 4) Skrifa skal í stimpla með bláum penna, ekki svörtum eða rauðum.
- 5) Samanlagðar fjárhæðir í greiðslustimplum ef fleiri en einn greiðslustimpill er á reikningi skulu stemma við heildarfjárhæð reiknings.
- 6) Ef greiðsluseðlar fylgja reikningum er nauðsynlegt að taka tillit til seðilgjalda.
- 7) Stimpla skal sérhvern reikning, frumrit og fylgiskjöl.

- 8) Í þeim tilvikum sem notuð eru reikningsyfirlit í stað reikninga, er leyfilegt að nota yfirlitið sem heildarreikning. Stimpla skal yfirlitið með greiðslustimplinum og fylla hann út að fullu. Með reikningsyfirlitinu verða frumrit reikninga að fylgja fyrir öllum úttektum, stimpla verður hvern reikning og skrá í stimpilinn „sjá yfirlit“. Á reikningsyfirlitum koma oft fram dráttavextir og annar kostnaður og nægir þá yfirlitið sem reikningur fyrir þeim dráttarvöxtum.
- 9) Ef reikningur á að bókast á fleiri en eitt viðfangsefni eða fleiri tegundir, þarf að fylla út sérstakt sundurliðunarblað “sundurliðun greiðsluskjals”, það er að segja ef stimplar komast ekki fyrir á reikningi. Þá er reikningurinn stimplaður og ritað í viðkomandi reit í greiðslustimpil “sjá sundurliðun”.
- 10) Greiðslustimpil á auðu blaði er ekki gildur.
- 11) Hægt er að nota sundurliðunarblöð og eyðublöð dagpeninga og ferðareikninga sem eru á heimasíðu FJS.
- 12) Undir greiðslustimpil má aðeins sá rita nafn sitt sem hefur til þess umboð.
- 13) Skrá skal dagsetningu undirskriftar undir greiðslustimpil.
- 14) Ef greiða verður einhverra hluta vegna hluta af reikningi skal fylla út greiðslubeiðni sem er að finna á vef FJS og skila með reikningi með viðeigandi skýringum og senda til greiðslu ásamt reikningi.
- 15) Ef reikningur er stílaður á annan aðila en stofnunina eða ráðuneyti skal fylla út greiðslubeiðni með viðeigandi skýringum og senda til greiðslu ásamt reikningi.
- 16) Ef starfsmaður hefur lagt út fyrir kostnaði og krefur um endurgreiðslu skal fylla út greiðslubeiðni ásamt skýringum og senda til greiðslu ásamt reikningi.
- 17) Almennt skal nota greiðslubeiðni þegar óskað er eftir greiðslu af fjárheimildum stofnunar eða fjárlagaliða þegar fullgildir reikningar liggja ekki fyrir. Til dæmis þegar greiddir eru styrkir, framlög og annað þar sem tölvupóstar og/eða bréf liggja að baki. Viðkomandi gögn fylgi svo greiðslubeiðni til greiðslu.
- 18) Ekki má hafa hefti í reikningum og skjölum sem send eru til afgreiðslu.

Fjársýslan áskilur sér rétt til að endursenda reikninga ef ofangreind skilyrði eru ekki virt.